

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

**Númer fundar:** 986

**Dagsetning:** 7. júní klukkan 9:00

**Staðsetning fundar:** Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Óskar Reykdalsson (var ekki undir umræðum um lið 6), Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (var ekki undir umræðum um liði 5, 8-10 og 12), Ingunn Sigurgeirsdóttir (var ekki undir umræðum um liði 5, 8-10 og 12), Jónas Guðmundsson (var ekki undir umræðum um liði 5, 8-10 og 12), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð, en sat fundinn gegnum fjarfundarbúnað. Svava Kristín Þorkelsdóttir sat fundinn undir lið 2 í gegnum fjarfundarbúnað.

**Gestir fundarins:** Sigurborg Jónsdóttir mannauðsráðgjafi sat fundinn undir lið 2. Ingibjörg Salóme Steindórsdóttir, svæðisstjóri Heilsugæslunnar í Grafarvogi, sat fundinn undir lið 7. Anna Bryndís Blöndal, fagstjóri lyfjapjónustu HH, sat fundinn undir lið 11.

## I. Efni til kynningar

### 1. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni og fyrri hluta næstu viku.

### 2. Niðurstöður könnunar meðal sálfræðinga

Sigurborg Jónsdóttir mannauðsráðgjafi kynnti niðurstöður könnunar sem gerð var meðal sálfræðinga sem starfa hjá HH. Rætt var um niðurstöðurnar og hvernig þeim verður fylgt eftir.

### 3. Vottorð í gegnum Heilsuveru

Rætt var um hugmyndir Origo um greiðslur fyrir hugbúnaðarlausnir vegna vottorða í gegnum Heilsuveru.

## II. Efni til umræðu

### 4. Heimahjúkrun HH í sumar

Farið yfir stöðu mönnunar í Heimahjúkrun. Ekki hefur gengið að fá fólk til sumarafleysinga og þarf að finna aðrar leiðir til að tryggja þjónustu.

### 5. Auglýsingar fyrir 1700-símann

Framkvæmdastjórn var upplýst um stöðu verkefnisins og næstu skref. Áfram verður lögð áhersla á að auka sýnileika Heilsuveru og netspjallsins í auglýsingunum og að tryggja að þjónustan sé tilbúin þegar herferðin fer af stað.

## 6. Húsnæðismálin

Rætt um ýmis húsnæðismál.

## 7. Staðan hjá Heilsugæslunni Grafarvogi

Ingibjörg Salóme Steindórsdóttir, svæðisstjóri Heilsugæslunnar í Grafarvogi, kom á fundinn og gerði grein fyrir mönnunarmálum á stöðinni í Grafarvogi í sumar og haust.

## 8. Skimunarauglýsingar

Rætt um hugmyndir um áframhaldandi auglýsingar fyrir krabbameinsskimun. Ákveðið að undirbúa birtingar á auglýsingum í ágúst og september.

### III. Efni til afgreiðslu

#### 9. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 30. maí rædd.

*Niðurstaða: Fundargerðin samþykkt án athugasemda.*

#### 10. Sumarhátíð HH

Rætt um sumarhátíð fyrir starfsfólk HH og börn í ágúst.

*Niðurstaða: Framkvæmdastjórn samþykkir að halda sumarhátíð og felur mannauðssviði að skipuleggja hátíðina.*

#### 11. Geðheilsumiðstöð barna

Umræður um minnisblað frá Geðheilsumiðstöð barna.

*Niðurstaða: Framkvæmdastjórn gerir ekki athugasemdir við erindið.*

#### 12. Minnisblað um stöðu klínískra lyfjafræðinga

Anna Bryndís Blöndal, fagstjóri lyfjaþjónustu HH, fór yfir minnisblað sem framkvæmdastjórn óskaði eftir á fundi 30. maí 2023.

*Niðurstaða: Tillögur um tilhögun starfsemi klínískra lyfjafræðinga samþykktar.*

#### 13. Starfsmannamál

Rætt er um erindi frá Geðheilsuteymi fangelsa um mönnun hjá teyminu.

*Niðurstaða: Framkvæmdastjórn tekur jákvætt í erindið.*

Fundi var frestað klukkan 11:00 og fram haldið klukkan 11:30. Fundi frestað 12:10 og fram haldið klukkan 14. Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 14:40.